

Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi,
Lágmúla 7
Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. p 120/1537
komudagur 17/4 1996

Reykjavík 16.4.1996.

Félagsmálanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Háttvirt félagsmálanefnd Alþingis hefur sent Stéttarfélagi sálfræðinga á Íslandi (SSÍ) frumvarpið til umsagnar.

Þar sem félagsmenn SSÍ starfa eingöngu hjá opinberum atvinnurekendum þá einskorðar félagið umsögn sína við þann hluta frumvarpsins sem fjallar um sáttastörf í vinnudeilum, nánar tiltekið um hugmyndina um viðræðuáætlun.

Nái áform frumvarpsins (6. gr. d.) um viðræðuáætlun fram að ganga fá miðlunartilögur sáttasemjara meiri þýðingu en þær hafa nú hvort sem breytingar frumvarpsins (gr. 6, liðir h-m) verða samþykktar eða núgildandi 9. gr. laga nr . 33/1978 verði tekin óbreytt inn í lög. Þegar búið er að fella allar viðræður í einn farvega liggur beint við að sáttasemjari leggi fram samhljóða miðlunartillögu sem tekur til alls vinnumarkaðarins.

Hugmyndin um viðræðuáætlun miðar að því að að færa allar samningaviðræður í einn farveg, hvort sem aðilar ná samkomulagi um hana eða ekki. Ljóst er að niðurstaða kjarasamnings getur að verulegu leyti verið háð því hvernig að viðræðum er staðið og þar með viðræðuáætlun. SSÍ er lítið félag, félagsmenn þess vinna mjög oft fái saman, jafnvel einir. Reynslan hefur sýnt að slíkir hópar eiga mjög oft undir högg að sækja í stórum samflotum. Það er því mikil hætt á að þau mál sem brenna á félögum í SSÍ fái ekki úrlausn nema að mjög takmörkuðu leyti verði vinnulag það sem boðað er í frumvarpinu að veruleika. Félagið óttast að málefni félagsmanna verði með þessu tekin úr höndum þess og þar með að gera það ófært um að gegna hlutverki sínu. Framtíð félagsins sem stéttarfélag er því í húfi verði þetta frumvarp samþykkt.

Af ofan greindum ástæðum leyfir félagið sér að beina því til háttvirtrar félagsmálanefndar að hún leggi til við alþingi að frumvarpið verði tekið af dagskrá þingsins.

f.h. Stéttarfélags sálfræðinga á Íslandi,


Sólveig Ásgrímsdóttir, formaður.